

Föstudaginn 22. febrúar 1991.

Nr. 436/1990. **Ákærvaldið**

(Hallvarður Einvarðsson ríkissaksóknari)

gegn

Gísla Grétari Þórarinssyni

(Örn Clausen hrl.).

Nauðgun. Miskabætur. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðmundur Jónsson, Hjörtur Torfason og Hrafn Bragason, Gunnar M. Guðmundsson, settur hæstaréttardómari, og Auður Þorbergsdóttir borgardómari.

Ríkissaksóknari hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 16. nóvember 1990 að ósk ákærða, en einnig af hálfu ákærvaldsins til sakfellingar samkvæmt ákæru og þyngingar á refsingu. Þá krefst ákærvaldið þess, að ákærði greiði allan sakarkostnað. Loks er þess krafist, að ákærði greiði X 1.500.000 krónur í miskabætur með dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 frá 17. nóvember 1989 til greiðsludags og 50.000 vegna lögmannsþóknunar.

Af hálfu ákærða er krafist vægustu refsingar, sem lög leyfa, og að beitt verði 196. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 í stað 194. gr. sömu laga og refsing milduð frá því, sem ákveðið var í héraði. Til vara er krafist vægustu refsingar, sem liggur við broti samkvæmt 194. gr. almennra hegningarlaga. Þá er þess krafist, að bætur verði lækkaðar frá því, sem ákveðið var í héraði, en til vara, að ákvörðun héraðsdóms verði staðfest. Jafnframt er krafist hæfilegra málsvarnarlauna auk réttargæslulauna frá uppkvaðningu héraðsdóms. Loks er þess krafist, að annar sakarkostnaður en laun sækjanda og verjanda verði að mestu leyti greiddur úr ríkissjóði.

Fallast ber á ákvörðun héraðsdómara um sakfellingu og færslu brots til refsíákvæðis.

Með tilvísun til 108. gr. laga nr. 74/1974 um meðferð opinberra mála er ósannað, að ákærði hafi farið að Skemmuvegi 6 M í Kópavogi aðfaranótt 17. nóvember 1989 gagngert í þeim ásetningi að fremja verknaðinn, sem hann er ákærður fyrir, en hafna ber þó skýringum hans um, hvað hafi leitt hann til verknaðarins. Svo sem

rakið er í héraðsdómi, réðst ákærði á X að næturlagi, í myrkri, á afviknum stað. Hann var dulbúinn og ógnaði henni með hnífi. Ber að þessu athuguðu að staðfesta refsimat héraðsdóms.

Eins og atvikum málsins er háttað, ákveðast miskabætur til handa X 800.000 krónur. Hefur þá verið tekið tillit til lögfræðiaðstoðar við gerð kröfunnar.

Rannsókn sú, sem um ræðir í héraðsdómi, er nýmæli við rannsókn nauðgunarmála hér á landi. Ætla má, að hún hafi orðið umfangsmeiri og útlagður kostnaður rannsóknarlögreglu ríkisins af henni, sem nam 1.722.892,50 krónum, hafi þess vegna orðið hærri en ella. Verður ákærða því einungis gert að greiða einn fimmta hluta af útlögðum kostnaði rannsóknarlögreglunnar. Allan annan sakarkostnað í héraði ber ákærða að greiða svo og kostnað við áfrýjun máls þessa, þar með talin saksóknarlaun og málsvarnarlaun, eins og nánar kemur fram í dómsorði.

D ó m s o r ð:

Ákærði, Gísli Grétar Þórarinsson, sæti fangelsi í 4 ár, en til frádráttar komi að fullu gæsluvarðhaldsvist hans frá 25. ágúst 1990.

Ákærði greiði X 800.000 krónur í miskabætur og lögfræðipóknun með dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 frá 17. nóvember 1989 til greiðsludags.

Ákærði greiði allan sakarkostnað í héraði nema útlagðan kostnað rannsóknarlögreglu ríkisins, sem hann skal greiða að einum fimmta hluta. Annar kostnaður við rannsókn þessa greiðist úr ríkissjóði.

Ákærði greiði allan kostnað við áfrýjun máls þessa, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 60.000 krónur, og málsvarnara- og réttargæslulaun skipaðs verjanda síns, Arnar Clausen hæstaréttarlögmanns, 80.000 krónur.

S é r a t k v æ ð i

Hjartar Torfasonar hæstaréttardómara.

Sekt ákærða í máli þessu er sönnuð með markvissum rannsóknaraðgerðum og játningu hans sjálfs. Hann hefur ekki áður sætt ákæru

samkvæmt almennum hegningarlögum, og er ekki öðru til að dreifa en brotinu sjálfu, er vitni um ofbeldishneigð í fari hans. Atlaga hans að konunni var ógnvekjandi, eins og lýst er í héraðsdómi, en tókst með þeim hætti, að ekki reyndi á líkamsmeiðingar. Ákærði huldi andlit sitt með dökkri húfu, og jók það á óhugnað atlögunnar, en kom ekki í veg fyrir, að konan bæri kennsl á hann, áður en verknadurinn var fullframinn. Erfitt er að skilja, hvað ákærða gekk til brotsins, og er það síður rannsakað en málsaðildin sjálf. Er ósannað gegn skýringum hans, að ásetningur hans um að fremja verknadinn hafi orðið til fyrr en á staðnum. Við játningu sína á verknadini hefur hann staðfest frásögn konunnar í öllum meginatriðum. Hann hefur og boðið fram skaðabætur til hennar. Með tilliti til málsatvika og þess, sem upplýst er um ákærða, tel ég refsingu hans ekki eiga að vera umfram 3ja ára fangelsi, og væri hún hæfilega ákveðin þannig.

Ég tel miskabætur til konunnar hæfilega ákveðnar 700.000 krónur, að meðtöldum kostnaði við kröfugerð. Er þá m.a. tekið tillit til röskunar vegna þess, að konan lét af starfi á þeim vinnustað, þar sem á hana var ráðist, og var það nánast óumflýjanleg afleiðing af atburðinum.

Með hinni umfangsmiklu blóðrannsókn, sem fram fór í máli þessu, hefur rannsóknarlögregla ríkisins brotið blað í meðferð mála af þessu tagi hér á landi, og var hún réttlætanagerleg í alla staði. Hins vegar er fráleitt að gera ákærða að bera verulegan kostnað af rannsókninni, og standa lög ekki til þess. Tel ég hæfilegt, að hann greiði tíunda hluta þessa kostnaðar, en annan sakarkostnað eins og um er mælt í atkvæði meiri hluta dómenda.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 7. nóvember 1990.

Ár 1990, miðvikudaginn 7. nóvember, er á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð er í Borgartúni 7 af Arngrími Ísberg sakadómar, kveðinn upp dómur í sakadómsmálinu nr. 591/1990: Ákærvaldið gegn Gísla Grétari Þórarinssyni, sem tekið var til dóms 19. október sl.

Málið er höfðað með ákæruskjali ríkissaksóknara, útgefnu 21. september sl., á hendur Gísla Grétari Þórarinssyni, gæslufanga í Reykjavík, fæddum 26. júlí 1961 í Reykjavík, „fyrir nauðgun með því að hafa laust eftir kl. 1.30 aðfaranótt föstudagsins 17. nóvember 1989 við íþróttahúsið að Skemmuvegi 6 M í Kópavogi ráðist grímuklæddur og með búrhúf sér í

hendi á X, fædda 1965, starfsstúlku þar í húsinu, sem var að fara þaðan eftir vinnu, og með ofbeldi og hótun um að beita hnifnum þröngvað henni til holdlegs samræðis í viðbyggingu, er var í smíðum á greindum stað.

Telst þetta varða við 1. mgr. 194. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar og til greiðslu skaðabóta og alls sakarkostnaðar“.

Við munnlegan flutning málsins krafðist ákærvaldið þess, að ákærði yrði einnig dæmdur til að greiða málsvarnarlaun í ríkissjóð.

Verjandi ákærða hefur krafist þess, að hann verði dæmdur í vægustu refsingu og að til frádráttar komi gæsluvarðhaldsvist hans frá 25. ágúst sl. Þá krefst hann málsvarnarlauna.

Málavextir.

Aðfaranótt föstudagsins 17. nóvember 1989 kl. 2.35 hringdi J til lögreglunnar í Kópavogi og tilkynnti, að dóttir hans, X, hefði þá skömmu áður orðið fyrir árás við íþróttahús Gerplu að Skemmuvegi 6 M í Kópavogi. Grímuklæddur maður með hníf hefði ráðist á hana, dregið hana inn í skot og nauðgað henni.

Í skýrslu, er X gaf hjá rannsóknarlögreglunni þennan sama dag, kvaðst hún vinna tvö kvöld í viku hjá íþróttafélaginu Gerplu. Síðastliðna nótt hefði hún lokið störfum um kl. 1.35 og gengið í átt að bíl sínum, eftir að hafa læst útihurðinni, en við hlið hennar sé hægt að ganga inn í nýbyggingu, sem unnið er við þarna. Þar sem hún var stödd þarna fyrir framan útidyrnar, hefði skyndilega stokkið á hana hægra megin dökkklæddur maður, að því er henni virtist, og var andlit hans hulið dökkri grímu. Hún kvað hann greinilega hafa ætlað að ráðast á sig og hún ýtt við honum og þau bæði fallið í götuna. Þau hefðu risið upp og maðurinn komið aftan að henni og tekið fyrir munn henni. Hún hefði öskrað, en maðurinn þá sagt henni að hætta og jafnframt, að hann væri með hníf. Kvaðst hún hafa tekið hann trúanlegan, þótt hún hefði ekki séð hnífinn. Maðurinn hefði nú ýtt henni inn í nýbygginguna. Hefði hann gengið á eftir henni með aðra höndina fyrir munn hennar, en haft hina til hliðar, svo að hún hefði nú séð hnífinn nokkuð greinilega eða hlut, sem virtist vera hnífur, og taldi hún hann hafa verið á að giska 25 sentímetra langan. Hún kvað ekki hafa glampað á hnífsblaðið, heldur hefði þar verið eitthvað dökkt, en hún hefði tekið manninn trúanlegan, er hann hefði sagst vera vopnaður hnífi. X skýrði síðan orðrétt frá á þessa leið: „... ég gerði mér orðið fulla grein fyrir þeirri hættu, sem ég var í, ef ég sýndi mótþróa, og vildi gera eins og hann bað mig um. Hann ýtti mér inn fyrir hurðaropið og þar í einhvern boga, en lét mig snúa í áttina að opinu. Og hann var fyrir aftan

mig. Hann fór með höndina undir peysuna, sem ég var í, og káfaði á brjóstunum á mér og strauk mig um rassinn. Hann var hanskalaus á þeirri hendi. Hann losaði síðbuxur mínar og færði þær niður og nærbuxur líka. Síðbuxurnar eru með þröngum skálmum, og það gekk erfiðlega að koma þeim af mér. Ég var svo hrædd. Ég beygði mig, einhvern veginn fram og sá manninn ekki, meðan þetta gerðist. Hann skipaði mér að setjast á eitthvað (sic) plast, sem var þarna inni, og ég gerði það. Sennilega á þessu augnabliki spurði hann um manninn minn og hvað hann gerði. Ég svaraði því eins og er, að hann væri pípulagningamaður. Síðan skipaði hann mér að leggjast á magann á plastið. Hann var fyrir aftan mig og færði eitthvað sundur á mér fæturna. Hann káfaði í klofið á mér með hendinni. Ég sagði honum, að ég væri aum eftir fæðingu barnsins (sic) og hefði ekki getað verið með manninum mínum síðan. Ég bað hann að hlífa mér og virða það við mig, að ég gæti ekki lifað kynlífi. Ég reyndi allt, sem ég gat, að bjóða honum peninga, reyndi að tala hlýlega til hans. Síðan tróð hann limnum inn í mig, þar sem ég lá, en það gekk erfiðlega fyrir hann. Hann bað mig líka að hjálpa sér. Ég bað hann um að sprauta ekki inn í mig, því eg vildi ekki eiga annað barn. Ég þorði ekki að segja, að ég vildi ekki eignast barn með honum. Þegar hann hafði lokið sér af og ég fann sæðið koma, bæði inn í mig og eitthvað á mig, þá skipaði hann mér að bíða í tvær mínútur, meðan hann færi burtu. Ég gerði það og lá í sömu stellingum einhverja stund, eins og hann sagði mér að gera. Síðan fór ég í bilinn minn og heim, án þess að ég muni eftir því frekar.“

X gat lýst manninum nokkuð, og rödd hans taldi hún tilheyrja manni (sic), er stundaði æfingar í íþróttahúsinu. Hefði hópurinn, sem hann væri í, verið við æfingar kvöldið áður. Gat hún lýst nokkuð samskiptum, er hún hafði átt við manninn í starfi sínu. Þann 20. nóvember voru X sýndar ljósmyndir af 16 mönnum, þar á meðal ein af ákærða. Hún benti strax á myndina af honum og kvað hann eiga röddina.

X var skoðuð af Arnari Haukssyni kvensjúkdómalækni um klukkan 5 þann 17. nóvember. Í vottorði hans segir svo: „Almenn skoðun: Í nátt-slopp, nýbóðuð. Ferskt fleiður á innanverðri neðri vör. Komið í átökunum. Við ytri skoðun sjást annars ekki neinir áverkar. Kvensjúkdómaskoðun: Nokkur roði í inngangi legganga (introitus vaginae), þó engin merkjanleg sár eða meiðsl. Legháls eðlilegur. Ríkulegt slím í leggöngum og líkist sæðis-blönduðu slími. Tekin sýni fyrir smásjárskoðun. Einnig tekin sýni fyrir vefja-flokkagreiningu. Smásjárskoðun: Við skoðun finnst strax mikið magn vel hreyfanlegra sæðisfrumna í öllum skoðuðum sýnum, jafnt frá leggöngum sem leghálsi. Niðurstaða: X kærir nauðgun undir (sic) vopnaðri hótun. Tekin aftan frá hálfleggjandi uppi á frauðplasti. Ekki sjást neinir ytri áverkar, en roði í leggangaopi og ríkulegt magn nýlegra sæðisfrumna í leggöngum.“

Arnar hefur staðfest vottorðið fyrir dómi og enn fremur staðfest, að X hafi leitað til hans þar fyrir utan vegna eymsla í inngangi legganga eftir fæðingu barns í janúar 1989. Þá kom fram í framburði hans, að X hefði í nóvember 1989 vel getað verið enn aum eftir fæðinguna, að öllum líkindum út frá öri, klippi eða rifu, sem orðið hefði hjá henni í fæðingunni.

X hefur staðfest skýrslu sína fyrir dómi. Hún lýsti upphafi árásarinnar á þessa leið: „Ég opna hurðina (sic) og fer út og set lykilinn í. Þá sé ég, að ég hef gleymt að slökkva einhvers staðar inni og hurðin er opin, þannig að ég fer aftur inn og slekk ljósið. Svo fer ég út og er að basla við að loka þessari hurð, það er svolítið erfitt að læsa henni. Þegar ég er búin að því og sný mér við og er að fara að labba að bílnum mínum, að þá (sic) sé ég, að það kemur maður út úr þessari byggingu við hliðina á mér. Hann ræðst á mig og ég öskra. Svo næ ég einhvern veginn að hrinda honum, þannig að við dettum bæði. Svo stend ég upp og ætla að reyna að hlaupa í burtu og öskra. Hann var líka fljótur á lappir og nær mér og getur tekið fyrir munninn á mér. Hann er fyrir aftan mig og heldur um munninn á mér og segir: „Ekki öskra.“ Svo sagði hann: „Ég er með hnif.“ Ég þorði náttúrulega ekki öðru (sic) en að hætta að öskra.“ Í framhaldi af þessu hafi maðurinn teymt hana inn í nýbygginguna. Hún gat ekki lýst hnífnum nákvæmlega, en kvaðst hafa séð, að maðurinn hélt á einhverju löngu, sem var í laginu eins og hnifur. Taldi hún það hafa verið 20 til 30 sentímetra langt. Hún kvaðst hafa hætt mótspyrnu, þegar maðurinn sýndi henni hnifinn. Þegar inn í nýbygginguna var komið, hafi maðurinn spurt hana að því, hversu gömul hún væri og hvað maðurinn hennar gerði. Hann hafi síðan farið að káfa á henni, en hún reynt að bjóða honum peninga, ef það dygði, til að hann hætti. Einnig kvaðst hún hafa sagt honum, að hún væri aum eftir fæðingu og maðurinn hennar hefði ekki getað verið með henni. Hún hefði afklætt sig eftir skipun frá manninum og hann síðan komið fram vilja sínum, eins og að framan var lýst. X staðfesti, að ákærði væri maðurinn, sem hefði nauðgað henni. Hún hefði þekkt hann á röddinni. Enn fremur staðfesti hún að hafa þekkt hann strax af myndum, er rannsóknarlögreglan sýndi henni.

Að fengnum framburði X vann rannsóknarlögreglan skrá yfir þá menn, er æfðu íþróttir í íþróttahúsi Gerplu þau kvöld, er X vann þar, þ.e. þriðjudags- og fimmtudagskvöld. Einnig voru tekin saman nöfn þeirra manna, er unnið höfðu við nýbygginguna og ætla mátti, að hefðu haft samskipti við X. Mennirnir reyndust vera 61, og voru þeir allir kallaðir til rannsóknarlögreglunnar og spurðir sömu spurninganna, þar á meðal, hvort þeir væru fáanlegir til að láta taka sér blóð til rannsóknar. Allir reyndust fúsir til þess. Blóðsýnin voru send til Bretlands ásamt sæði, sem fundist hafði í leggöngum X og fatnaði. Rannsóknin, er fram fór, var í því fólgin „að

einangra erfðaeefnið DNA úr sæðisfrumum annars vegar og hins vegar úr kjörnum blóðfrumna og kljúfa það niður á tiltekinn máta, en síðan er hið niðurbrotna erfðaeefni látið falla út undir áhrifum rafspennu, þannig að mynstur kemur fram, sem talið er ámóta sértækt og fingraför manna. Þar sem erfðaeefnið er hið sama í öllum frumum manna, kemur sama mynstur fram í DNA-erfðaeefninu frá sæðisfrumum sem og í blóðfrumum.“

Um mánaðamótin júní júlí sl. var komin fram í rannsókninni samsvörun á milli sæðisins og blóðsýnis frá einum mannanna, þ.e. ákærða. Var hann þá beðinn um að gefa aftur blóðsýni, sem hann gerði.

Í niðurstöðum rannsóknarstofunnar, sem dagsett er 9. ágúst sl., segir svo m.a. „DNA-snið það, sem fékkst úr sæðisblettum í dagbindi X, er hið sama og fékkst úr blóðsýnunum úr Gísla Þórarinssyni. Af leggangastrokum úr X fékkst hluti af DNA-sniði. Það stafar af því; að úr leggangastrokunum vannst tiltölulega lítið magn af DNA. Hið takmarkaða DNA-snið er hið sama og hluti DNA-sniðs blóðsýnanna úr Gísla Þórarinssyni. DNA-snið það, sem fékkst úr sæðisblettunum í dagbindinu, er annað en DNA-snið blóðsýnanna úr X og þeim 60 öðrum einstaklingum, sem við fengum blóðsýni úr. Reiknað er með, að líkindi fyrir því, að DNA-snið sæðisblettanna í dagbindinu sé fyrir tilviljun hið sama og DNA-snið blóðsýnisins úr Gísla Þórarinssyni, séu minni en 1 á móti 18 milljónum. Útkoma þessi sýnir, að sæði það, sem er á leggangastrokunum og á dagbindi X, er úr Gísla Þórarinssyni og getur ekki verið úr neinum öðrum þeirra einstaklinga, sem prófaðir hafa verið í þessu máli.“

Ákærði var handtekinn þann 24. ágúst sl. og yfirheyrður sama dag af rannsóknarlögreglunni. Hann neitaði sökum. Daginn eftir var hann færður fyrir sakadóm, þar sem rannsóknarlögreglan krafðist þess, að hann yrði úrskurðaður í gæsluvarðhald. Fyrir dómi neitaði hann einnig sökum. Hann var úrskurðaður í gæslu til 8. október 1990.

Að kvöldi þessa sama dags, 25. ágúst, óskaði ákærði eftir því, að tekin yrði af honum skýrsla. Í upphafi hennar viðurkenndi hann að hafa aðfaranótt þess 17. nóvember 1989 ráðist á starfsstúlku íþróttafélagsins Gerplu við íþróttahús þess og nauðgað henni í nýbyggingu við húsið.

Ákærði kvaðst kvöldið áður hafa verið á æfingu í innanhússknattspyrnu í húsinu. Hefði æfingin hafist um kl. 22.30 og henni lokið um klukkustund síðar. Að æfingu lokinni kvaðst hann hafa farið til kunningja síns, er býr í Kópavogi, og dvalist þar í um hálfa klukkustund, ekið þaðan í miðbæ Reykjavíkur og ekið þar um nokkra stund, en haldið síðan aftur suður í Kópavog. Ákærði, sem er húsasmiður, en hefur verið sjómaður tvö undanfarin ár, kvaðst vera að vinna við það á heimili sínu að loka gati á norðurvegg hússins, og hefði sig vantað eitthvað til þess að fylla í gatið. Hann hefði séð steinull í nýbyggingunni við íþróttahúsið og ætlað sér að stela

af henni til að setja í gatið. Þegar hann fór á æfinguna, hefði hann tekið með sér búrhníf til að skera í sundur steinullarmotturnar. Er hann kom nú aftur að íþróttahúsinu, kvaðst hann hafa lagt bifreiðinni, Colt, árgerð 1981, við suðvesturenda hússins. Eftir að hafa kannað, hvort einhverjar mannaferðir væru í kringum húsið, hefði hann gengið inn í nýbygginguna og þá verið með búrhnífinn í hendinni og vélsleðahúfu á höfði, en hún hylur alveg höfuðið, nema göt eru fyrir augu, munn og nef. Kvaðst hann hafa verið með húfuna, til þess að háralitur hans sæist ekki og hann þekktist ekki við steinullarstuldinn. Er inn í nýbygginguna var komið, kvaðst ákærði fyrst hafa kannað, hvar best væri að fara með motturnar út, en hann hafði hugsað sér að skera þær í „passlegar“ stærðir þarna inni. Síðan skýrði ákærði svo frá: „Þegar ég var síðan að undirbúa það að fara að skera af mottunum, þá tók ég eftir því, að dyrnar inn í íþróttahús Gerplu opnuðust og út kom ein starfsstúlkan. Ég henti mér þá upp að veggnum sunnan við hurðina, en stúlkan gekk áleiðis að götunni. Hún sneri síðan við og gekk aftur að hurðinni. Ég varð þá hræddur og taldi víst, að hún myndi sjá mig, og réðst þá að stúlkunni. Greip ég fyrst fram í föt hennar, og minnir mig, að hún hafi þá eitthvað hrasað eða reynt að losa sig. Einnig öskraði hún, og greip ég fyrir munninn á henni og sagði henni að þegja og dró hana með mér inn í nýbygginguna og þar inn fyrir steinullar-,ballana“. Þar talaði ég eitthvað við hana, sem ég man ekki, hvað var. Ég sagði henni, að ég væri með hníf, og man ég, að ég spurði hana að því, hvort hún væri með peninga. Ég hélt stúlkunni aftan frá og sagði henni síðan að fara úr buxunum. Stúlkan var greinilega hrædd og sagði: „Ekki gera þetta, ekki gera þetta.“ Ég sagði henni að fara úr buxunum, sem hún gerði, en hún sagði jafnframt, að hún væri nýbúin að eiga barn og ætti erfitt með að hafa samfarir. Þegar stúlkan var komin úr buxum og nærbuxum, sagði ég henni að leggjast á magann ofan á steinullar-,balla“. Ég lagðist síðan ofan á hana, en hún bað mig að fara varlega. Þegar ég var búinn að koma limnum inn í hana, þá spurði ég hana að því, hvort ég meiddi hana, en hún svaraði því ekki, en bað mig að láta sæðið ekki fara inn í hana. Ég hafði síðan samfarir við stúlkuna og varð sáðfall inn í hana.“ Að þessu loknu kvað ákærði stúlkuna hafa spurt, hvort hún mætti ekki klæða sig, og hann þá sagt henni að liggja kyrri í eina mínútu, að meðan hann hlypi í burtu. Hann hefði síðan hlaupið að bifreiðinni og ekið á brott. Fyrst ók hann að Elliðaám, þar sem hann stansaði undir brúnni, fór út og kastaði upp og henti síðan húfunni og hnífnum í ána. Eftir það ók hann heim til sín, og minnti hann, að klukkan hefði þá verið rúmlega tvö.

Önnur skýrsla er tekin af ákærða þann 27. ágúst. Þar kvaðst hann ekki hafa þekkt X, en vitað, hver hún var, og hann einhver samskipti haft við hana, er hann var á íþróttæfingum. Þá kom fram hjá honum, að hann

hefði verið klæddur í dökkbláa peysu, svartar „jogging“-buxur auk húfunnar. Hann kvaðst hafa orðið ofsalega hræddur, er hann sá stúlkuna, og það verið ástæða þess, að hann réðst á hana fremur en að forða sér. Hann hefði óttast, að það myndi fréttast til „strákanna“, eins og hann orðaði það, að hann hefði verið að stela steinull. Aðspurður um það, hvers vegna hann hefði verið klæddur eins og lýst var, kvaðst hann hafa dulbúist til að þekkjast ekki, ef svo færi, að einhver sæi hann við að stela steinullinni. Hann tók það fram, að það hefði ekki verið fyrir fram ætlun sín að ráðast á stúlkuna.

Síðast er tekin skýrsla af ákærða hjá rannsóknarlögreglunni 30. ágúst sl. Þá er honum skýrt frá því, að fermetrinn af þéttull kosti í byggingarvöruverslun 239 krónur, en það var þéttull, er hann hugðist stela. Hann kvað sér ekki hafa verið kunnugt verð á steinull, þrátt fyrir það að hann sé húsasmiður. Þá kvað hann gatið, sem hann ætlaði að nota motturnar í, vera á að giska 120 x 80 sentimetra, og ætlaði hann að nota tvær mottur að innan og eina að utan undir múr til að spara sér sement. Hann kvaðst hafa ætlað að stela einum balla, og hefði hann verið með hnifinn til að skera plastið utan af honum, vegna þess að heill balli hefði ekki komist inn í bifreiðina. Þá kom fram hjá honum, að hann hefði verið mjög peningalítill vegna húsakaupa og endurbóta á húsinu.

Ákærði kom fyrir dóm þann 3. október sl. og viðurkenndi þá ákærana rétta. Hann skýrði frá aðdraganda málsins á sama hátt og fyrir lögreglu og áður var rakið. Hann kvaðst hafa haft húfuna vegna eyrnabólgu. Þá kvað hann hnifinn, sem hann var með, hafa verið matarhníf, ekki oddhvassan, heldur með rifflum og ekki „til neins skaða“, eins og hann orðaði það. Hefði hnifurinn verið hugsaður til að skera plastið utan af mottunum, enda hefði hann ekki komið heilum balla inn í bifreiðina. Hann hefði verið með balla í höndunum og ætlað að fara að skera plastið utan af honum, þegar hann heyrði í vængjahurð, og síðan hefði stúlka komið út úr húsinu og skellt á eftir sér. Sér hefði brugðið mikið og hann stokkið upp að veggnum. Stúlkan hefði stansað og honum fundist eips og hún hefði séð hann og hann orðið „hálfsmeykur eða hræddur, af því að ég átti ekki von á, að neinn væri þarna, og ég stekk á hana, ég veit ekki af hverju, en ég stekk á hana. Henni bregður ofboðslega, og hún öskrar. Það greip mig svona fát. Ég sagðist vera með hníf. Ég var ekki hansaklæddur eða neitt svoleiðis, ég sagðist vera með hníf og dró hana inn í bygginguna, viðbygginguna, vegna þess að ég gat alltaf átt von á því, að það væri fólk þarna á ferli, og ýtti henni á undan mér. Ég veit ekki, hvað kom yfir mig, en ég framdi þennan verknað þar inni í byggingunni. Eftir verknaðinn hljóp ég í burtu, fór í bílinn og keyrði í burtu.“ Nánar um nauðgunina kvaðst hann hafa skipað stúlkunni að fara úr buxunum og hún hlýtt. Hann hefði

siðan haft við hana samfarir þannig, að hún hefði legið á maganum á einangrunarmottu og hann sett lim sinn inn í hana aftan frá, og hefði sér orðið sáðfall inn í hana. Ákærði kvað stúlkuna hafa beðið sig um að gera þetta ekki og að meiða sig ekki. Einnig hefði hún sagst vera nýbúin að eignast barn og að sér þætti þetta vont. Hann kvaðst hafa sagt henni, að hann myndi ekki meiða hana, en ekki svarað henni frekar. Ítrekað aðspurður (sic) gat ákærði ekki útskýrt, af hverju hann réðst á stúlkuna, en kvað ásetning sinn til að nauðga henni ekki hafa vaknað, fyrr en hann var kominn með hana inn í bygginguna. Á þessum tíma hefði kona hans verið vanfær, þau hefðu eignast þriðja barn sitt á gamlárskvöld þetta sama ár. Þrátt fyrir það hefði hann ekki fundið fyrir neinu kynferðislegu svelt, og gat hann ekki útskýrt, hvað komið hefði yfir hann þarna. Hann kvaðst ekki telja sig hafa sýnt stúlkunni hnifinn og ekki hafa hót að beita honum. Þegar hann réðst á hana, hefði hnífurinn verið í buxnavasa hans. Við árásina hefðu þau bæði dottið og hann þá lagt höndina yfir munninn á henni. Við þetta hefði hnífurinn dottið úr vasanum. Fyrst á eftir hefði stúlkan barist um og sparkað, en hann reynt að halda henni niðri og sagt henni að hætta, hann væri með hníf, og við það hefði hún hætt að sparka, hætt að streitast á móti. Þegar þau hefðu staðið á fætur, hefði hann verið með hnifinn í hendinni. Hann hefði haldið á honum, á meðan hann leiddi stúlkuna inn í viðbygginguna. Þar inni kvaðst hann annaðhvort hafa sett hann í vasann eða lagt hann á mottur. Þá kom fram hjá ákærða, að það væri rangt, sem haft væri eftir honum í lögregluskýrslu, að hann hefði haft með sér búrhlíf, heldur hefði verið um eldhússhníf að ræða. Síðar í yfirheyrslunni kallaði hann hnifinn borðhníf og loks matarhníf.

X var mæld og vegin af rannsóknarlögreglunni þann 20. nóvember 1989, og reyndist hún vera 160 sentimetrar á hæð og vega 55 kíló. Ákærði kvaðst hér fyrir dómi vera 190 sentimetrar á hæð og vega á að giska 100 kíló.

Jón Steinar Gunnlaugsson hrl. hefur fyrir hönd X lagt fram skaðabóta kröfu á hendur ákærða. Krefst hann þess, að hann verði dæmdur til að greiða henni kr. 1.500.000 í miskabætur með dráttarvöxtum frá 17. nóvember 1989 til greiðsludags. skv. III. kafla vaxtalaga nr. 25, 1987, og kr. 50.000 vegna lögmannspóknunar. X bar hér fyrir dómi, að eftir nauðgunina hefði hún ekki treyst sér til að fara aftur að vinna, einnig hefði hún hætt í kvöldskóla, er hún sótti og stefndi á stúdentspróf. Þá þori hún ekki út á kvöldin. Þetta hefði reynt á hjónaband hennar, en þeim hjónunum hefði tekist að ná saman eftir þessa reynslu.

X leitaði aðstoðar Ragnheiðar Indriðadóttur sálfræðings þann 6. september sl. Hún kom til hennar aftur þann 2. október og eftir það vikulega. Sálfræðingurinn kom fyrir dóm og lýsti ástandi X á þessa leið, þegar hún leitaði fyrst til sín: „Ástand hennar var mjög erfitt þá. Hún sagði mér,

að hún hefði í þetta tæpa ár, sem þá var liðið frá þessari nauðgun, þá hefði hún (sic) smám saman einangrað sig og einangrast inni, ekki þorað út. Hún er mikið (sic) myrkfælin, vaknaði oft við martraðir (sic) og erfiða drauma. Smáatriðalýsingar, eins og að hún þyrði varla að loka glugga, setja hönd út í glugga af ótta við, að það yrði gripið í hana. Hún átti orðið erfitt með að njóta samlífs með manni sínum. Jafnvel var erfitt fyrir hana að fara út í búð á björtum degi.“

Ákærði hefur fyrir dómi viðurkennt sig skaðabótaskyldan og lýst sig reidubúinn til að greiða sanngjarnar skaðabætur. Að öðru leyti vísaði hann á verjanda sinn með athugasemdir við kröfuna. Við munnlegan flutning málsins mótmælti verjandinn fjárhæð kröfunnar, sem hann taldi allt of háa. Hann lýsti því yfir, að hann hefði reynt að ná samningum um skaðabætur, er tekið hefðu mið af dómum, er fallið hafa í sams konar málum, en án árangurs. X hefði haldið fast við kröfu sína.

Niðurstaða.

Eins og nú hefur verið rakið, er sannað með játningu ákærða, er styðst við framburð X og niðurstöðu rannsóknar á blóðsýnum og sæðisleifum, að hann réðst grímuklæddur á X aðfaranótt 17. nóvember 1989, eins og segir í ákæru, enn fremur, að hann hafi yfirunnið mótspyrnu hennar með því að segjast vera með hníf og í framhaldi af því leitt hana afsíðis og þar haft samfarir við hana nauðuga. Ákærði, sem var grímuklæddur, réðst á stúlkuna að næturlagi, í myrkri, á fáförnum stað og átti auk þess alls kostar við hana sakir aflsmunar og stærðar. Jafngiltu orð hans, að hann væri með hníf, því, að hann hefði hótað að beita honum, enda hvarf X öll mótspyrna, og hún varð viljalaust verkfæri í höndum ákærða. Með játningu hans og framburði X er sannað, að hann sagðist vera með hníf og hún sá hann í höndum hans. Hins vegar er ósannað gegn neitun ákærða, að hann hafi haft hnífinn í hendi sér, er hann réðst á X.

Framburður ákærða um, að hann hafi verið við íþróttahúsið í þeim tilgangi að stela steinull úr nýbyggingu og haft hníf meðferðis til að skera plast utan af steinullar-,böllunum“, er ekki ótrúverðugur. Hins vegar er saga hans um það, að hann hafi orðið hræddur og ráðist á X, fáránleg í ljósi þess, að dimmt var, hann inni í nýbyggingunni og hafði kastað sér upp að vegg. Jafnvel þótt X hafi snúið við, sem hún og gerði, voru engin líkindi til, að hún sæi hann. Dómurinn hafnar því þeirri viðbáru ákærða, að ásetningur hans til að nauðga X hafi fyrst orðið til inni í nýbyggingunni, er hann hafði farið með X þangað, heldur hafi hann komið á staðinn, grímuklæddur og með hníf, beinlínis í þeim tilgangi að nauðga henni.

Verknaður ákærða varðar við 1. mgr. 194. gr. almennra hegningarlaga.

Refsing ákærða er hæfilega ákveðin 4 ára fangelsi. Samkvæmt 76. gr. almennra hegningarlaga skal gæsluvarðhaldsvist hans, sem hann hefur sætt óslitið frá 25. ágúst sl., koma refsingunni til frádráttar með fullri dagatölu. Samkvæmt sakavottorði ákærða hefur hann á árunum 1979 til 1987 6 sinnum sæst á sektargreiðslur fyrir umferðarlagabrot og einu sinni fyrir áfengislagabrot.

Áður hefur verið gerð grein fyrir skaðabótakröfu X og afstöðu ákærða til hennar. Hæfilegt þykir að gera honum að greiða henni 500.000 krónur í skaðabætur með dráttarvöxtum eins og krafist er og nánar greinir í dómsorði. Við ákvörðun fjárhæðarinnar hefur verið tekið tillit til þess, að X leitaði lögfræðiaðstoðar við mótun kröfunnar.

Sakarkostnaður í málinu er óvenjuhár, og stafar það af því, hversu dýr rannsóknin á sæðisleifunum og blóðsýnunum var. Verjandi ákærða hefur sérstaklega mótmælt því, að hann verði dæmdur til að greiða allan þennan kostnað, og ákæruvaldið taldi við munnlegan flutning málsins rétt, að tekið yrði sérstaklega á því álítaefni í dóminum. Það hélt þó fast við þá kröfu sína, að ákærði yrði dæmdur til að greiða allan sakarkostnað, þar með talin hæfileg saksóknarlaun í ríkissjóð. Gögn málsins bera með sér, að X gat skömmu eftir verknaðinn bent á ákærða sem þann mann, er hefði nauðgað henni, svo sem rakið var í framburði hennar hér að framan. Lögreglumennirnir, er stjórnðu rannsókn málsins, hafa borið hér fyrir dómi, að mat rannsóknarlögreglunnar hafi verið, að það hafi ekki nægt til að beina rannsókninni að honum einum. Gunnlaugur Geirsson prófessor hefur borið fyrir dómi, að fyllilega hefði nægt að taka blóð úr ákærða einum og rannsaka það. Niðurstaðan hefði þá annaðhvort útilokað hann eða fellt á hann líkur.

Við rannsókn málsins valdi rannsóknarlögreglan þann kost að leita hins grunaða í hópi 61 manns, eins og lýst var. Var þeim öllum tekið blóð og það sent til rannsóknar. Þessi aðferð var fyllilega réttmæt og eðlileg. Hins vegar verður ekki fram hjá því litið, að X hafði bent mjög ákveðið á einn af þessum mönnum, þ.e. ákærða. Jafnvel þótt rannsóknarlögreglan hafi á þeim tíma ekki talið það nægja til aðgerða gagnvart honum og það mat hafi vafalaust verið rétt, eins og á stóð, verður ekki talið, að réttlætjanlegt hafi verið að senda öll þessi blóðsýni til jafnvíðamikillar og kostnaðarsamrar rannsóknar og gert var.

Samkvæmt framansögðu er ekki sanngjarnt að láta ákærða bera allan kostnaðinn af rannsókninni. Hann verður dæmdur til að greiða réttargæslu- og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Arnar Clausen hrl., kr. 100.000, og saksóknarlaun í ríkissjóð, kr. 80.000, en annan sakarkostnað að hálfu, en að hálfu skal hann greiddur úr ríkissjóði. Af hálfu ákæruvaldsins flutti Egill Stephensen málið.

D ó m s o r ð:

Ákærði, Gísli Grétar Þórarinsson, sæti fangelsi í 4 ár, en til frádráttar komi gæsluvarðhaldsvist hans frá 25. ágúst 1990.

Ákærði greiði X kr. 500.000 með dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25, 1987, sbr. lög nr. 67, 1989, frá 17. nóvember 1989 til greiðsludags.

Ákærði greiði réttargæslu- og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Arnar Clausen hrl., kr. 100.000, og kr. 80.000 í saksóknarlaun til ríkissjóðs svo og annan sakarkostnað að hálfu, en að hálfu skal hann greiddur úr ríkissjóði.

Dómi þessum ber að fullnægja með aðför að lögum.
